

SVEINSPRÓF Í VÉLVIRKJUN

KYNNING Á TÆKJUM SKÓLANS

Kynning á tækjum skólans verður í umsjón ábyrgðarmanns skóla. Þriggja tíma kynning í skólunum er innifalin í prófgjöldunum. Allur annar aukaundirbúningstími greiðist af próftakanum sjálfum eða meistara hans. ÍÐAN fræðslusetur er með fjölbreytt námskeið sem geta nýst til undirbúnings fyrir prófið sjá <http://www.idan.is/>.

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf í vélvirkjun er skipt upp í fjóra þætti: skriflegt próf, smíðaverkefni, vélapróf og suðuverkefni. Hver þáttur er metinn sérstaklega. Próftaki þarf að standast próf í öllum þáttum til að ljúka sveinsprófinu. Falli próftaki í einhverjum af fjórum þáttum prófsins þarf hann eingöngu að taka upp þann þátt aftur.

- Smíði 45%
- Frágangur og útlit 10%
- Slitmæling 10%
- Bilanaleit 10%
- Suða 25%

SKRIFLEGT PRÓF

Gefin er sérstök einkunn fyrir skriflega prófið. Helstu þættir sem spurt er úr í prófinu eru: vélar, loft- og vökvakerfi, frystikerfi, öryggisfræði, suða og lóðningar, verkáætlanir og almennar spurningar. Próftakar mega hafa með sér allar þær handbækur sem þeir vilja en ekki má vera búð að skrifa inn í þær aukaupplýsingar.

Einnig mega próftakar hafa með sér reiknivél án innritaðra aukagagna.

Ein einkunn er gefin fyrir skriflega prófið og stendur hún sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu

SMÍÐAVERKEFNI

Smíðaverkefnið er oft lítið vélastykki þar sem látið er reyna á hæfni og nákvæmni próftakans í meðferð handverkfæra og mælitækja, lestur teikninga og vélavinnu t.d. alls konar spóntökuvéla. Hvert mál í smíðastykkinu hefur fyrir fram ákveðið vægi. Fari próftaki út fyrir gefin vikmörk er gefið 0 fyrir málið. Sum mál sem eru afgerandi fyrir virkni stykkisins geta vegið allt að 30%. Smíðaeinkunnin vegur 45% af lokaeinkunn verklegs prófs. Einkunn fyrir frágang og útlit stykkisins er gefin sér og stendur sem sjálfstæð einkunn í prófbókinni. Þeir sem ljúka prófinu og ná lágmarkseinkunn í smíðastykkinu fá einkunn fyrir frágang og útlit.

Einkunn fyrir frágang og útlit er huglæg og er gefin þannig að allir dómarar dæma endanlegan frágang, áferð, hreinleika og yfirbragð. Gefin er einkunn á bilinu 5–10 og út frá því er reiknað meðaltal. Það smíðastykki sem að álit sveinsprófsnefndar fær hæstu einkunn miðað við fyrrgreindar forsendur fær einkunnina 10 og það stykki sem er lakast fær einkunnina 5,0. Hin smíðastykkinn raðast þar á milli eftir sömu aðferð.

Próftakar fá 13 klst. til að klára verkefnið.

BILANALEIT

Prófað er í bilanaleit í díselvél þar sem sett er inn bilun sem próftakinn á að finna, framkvæma viðgerð á og gera stutta skýrslu um það.

Einkunn fyrir vélaverkefni vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs. Einkunnin er byggð upp af fjórum þáttum sem prófdómari metur meðan á prófinu stendur og skýrslu sem próftaki skilar eftir að hafa lokið verkefninu. Hver prófþáttur í bilanaleit gildir 2,5% af lokaeinkunn.

Þessir prófþættir eru: Sýnir próftaki kunnáttu við undirbúning á gangsetningu vélar sem er biluð? Hefur próftakinn tileinkað sér hæfni í lestri viðgerðabókar og undirbúningi á að greina bilun? Sýnir próftaki kunnáttu í bilanaleit og lýsingu á ástandi vélar? Hefur próftakinn yfir að ráða kunnáttu í verkfæranotkun og bilanaskýrslugerð?

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

SLITMÆLING

Prófað er í slitmælingu, þar sem próftakinn á að mæla ýmsa hluti í díselvél, meta hvort þeir séu í lagi eða hvort skipta þurfi um þá og gera stutta skýrslu um það. Stuðst er við viðgerðabækur við verkefnið.

Einkunn í slitmælingarverkefni vegur 10% af lokaeinkunn verklegs prófs. Einkunnin er byggð upp af fjórum þáttum sem prófdómari metur meðan á prófinu stendur og skýrslu sem próftaki skilar eftir að hafa lokið verkefninu. Hver prófþáttur í slitmælingu gildir 2,5% af lokaeinkunn.

Þessi prófþættir eru: Þekking próftaka á að fletta upp í viðgerðabókum og notfæra sér máltöflur framleiðanda við að leysa verkefnið. Kunnátta próftaka í notkun mælitækja og að beita þeim rétt. Getur próftaki metið ástand hluta og ákvarðað hvort skipta þurfi um þá eða endurvinna, slípa sveifarás, bora blokk o.fl.? Skilar próftaki vel skiljanlegum lausnum á verkefninum?

Próftakar fá 1 klst. til að klára verkefnið.

SUÐUVERKEFNI

Prófað er í flestum algengum suðuaðferðum á járn, kopar, áli, steypujárni og ryðfríu stáli ásamt kveikingu. Einnig er prófað í logskurði. Prófað er eftir stöðlunum ÍST EN 5817 samkvæmt D klassa og ÍST EN 287-1. Próftökum er bent á að kynna sér staðlana vel þar sem ekki verða teikningar af stykkjunum heldur farið eftir þeim málum, suðustellingum og öðru sem fram kemur í stöðlunum. Eingöngu verða gefnir út suðuferlar (skriflegar leiðbeiningar) varðandi suðuprófið.

Um mat á suðuverkefninu fer eins og segir til í staðlinum ÍST EN 5817 samkvæmt D klassa. Einkunn í suðuverkefni vegur 25% af lokaeinkunn verklegs prófs.

Próftakar fá 3 klst. til þess að klára verkefnið.

VINNUHRAÐI

Gefið er fyrir vinnuhraða og er farið eftir reglum nefndarinnar. Þeir sem ljúka prófinu og ná lágmarkseinkunn í smíðastykkinu fá vinnuhraðaeinkunn. Þeir sem fá á milli 4,5–6,4 fá einkunnina 5 í vinnuhraða. Þeir sem fá frá 6,5–10 fá vinnuhraðaeinkunn frá 6,5–10. Tími allra próftaka er skoðaður og sá sem skilaði stykkinu á minnsta tímanum mun fá einkunnina 10. Síðan dreifast einkunnir hinna eftir notuðum tíma. Hafi próftakinn notað allan tímann, en sé með einkunn 6,5 og yfir, mun hann fá sömu einkunn og prófstykkið gefur. Skilgreiningin á öllum tímanum er að nemandinn hafi skilað þegar 30 mín. eru eftir eða skemur. *Einkunn fyrir vinnuhraða stendur sem sjálfstæð einkunn á einkunnablaðinu.*

EINKUNNAGJÖF

| | |
|------------------------------|-----------------------------|
| Einkunn 10 vísar til þess að | 95% - 100% markmiða var náð |
| Einkunn 9 vísar til þess að | 85% - 94% markmiða var náð |
| Einkunn 8 vísar til þess að | 75% - 84% markmiða var náð |
| Einkunn 7 vísar til þess að | 65% - 74% markmiða var náð |
| Einkunn 6 vísar til þess að | 55% - 64% markmiða var náð |
| Einkunn 5 vísar til þess að | 45% - 54% markmiða var náð |
| Einkunn 4 vísar til þess að | 35% - 44% markmiða var náð |
| Einkunn 3 vísar til þess að | 25% - 34% markmiða var náð |
| Einkunn 2 vísar til þess að | 15% - 24% markmiða var náð |
| Einkunn 1 vísar til þess að | 0% - 14% markmiða var náð |

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formaður sveinsprófsnefndar skilar einkunnum úr sveinsprófi til IÐUNNAR eins fljótt og auðið er. Vegna eðlis prófsins gefur sveinsprófsnefndin sér allt að fimm vikur til að skila einkunnum, í sumum tilfellum lengur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta við prófsýninguna, þeir sem koma ekki á prófsýninguna fá sveinsprófabókina senda í pósti. Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála gildir reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf. Eftir prófsýninguna verður prófið fánlegt á netinu á slóðinni <http://www.idan.is/>. Einnig eru gömul próf á sömu slóð próftökum til upplýsingar. *Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum fyrir þann tíma.*

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf þremur dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting liggur fyrir frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma. Hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við starfs- og námsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.